

Skólaráðsfundur

30.okt 2015

Mætt: Vigdís, Hrafn (fulltrúar nemenda) Alexander (fulltrúi grenndarsamfélags), Guðbjörg, Árni Jón (fulltrúar kennara), Margrét Gróa (fulltrúi starfsmanna), Sveinn Óskar og Jón (fulltrúar foreldra).

1. Starfsáætlun skólaráðs

Farið var yfir tillögu að starfsáætlun skólaráðs, farið yfir hlutverk skólaráðs og fundartímar settir niður.

2. Fjárhagsáætlun Varmárskóla fyrir 2016

Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun Varmárskóla eins og skólastýrur hafa sett fram. Rætt var um að áætlunin byggðist á svipuðum

3. 30. okt. – kl. 12:00

4. Fundarstaður: Fundarherbergi – eldri deild

5. Fundarefni:

6. Starfsáætlun skólaráðs

7. Fundartímar skólaráðs

8. Fjárhagsáætlun 2016

9. Niðurstöður samræmdra prófa (10. bekkur) – ef komið

10. Önnur mál

11. Öryggismál

Stjórnendur hittu lögreglustjóra núna á haustönn. Mosfellsbær kemur vel út. Stjórnendur eru búnir að funda með bænum vegna umferðisöryggismála og komið á framfæri hvað þurfi að laga. Árlega kemur fulltrúi frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, komum almennt ágætlega út en nokkur atriði þurftu að laga. Stjórnstöðin í yngri deildinni er komin á tíma og þarf að huga að. Flóttaleiðir eru í góðum málum. Í eldri deildinni eru nokkrar stofur á undanþágu þar sem eftir á að skipta um loft og laga m.a. hljóðvist. Er á verkáætlun en ekki til peningar eins og er. Komnar nýjar sjálfvirkar hurðar í báðum deildum. Vantar millihurð í yngri deild. Eiga að vera víxlopnaðar til að koma í veg fyrir að vindur blási inn. Höfum gert athugasemdir vegna söndunar og mokunar milli yngri deildar og frístundasels. Þegar lóðin við frístundasel var tekin í gegn á sínum tíma gerðum við athugasemdir með að setja upp snjóbræðslukerfi en það var ekki gert. Það gerir það að verkum að oft er hættulegt fyrir börn og fullorðna að ganga upp í frístundasels vegna klaka, snjó og þessháttar. Rætt var um reglur með vespur þegar unglíngarnir eru að koma á ferð til og frá skóla. Hvaða reglur eiga að gilda? Erum að sjá 2-3 börn á vespum og það heyrst ekki í þeim. Það þarf að setja skýrar reglur hvaða leið þau eigi að fara til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda. Rafmagns og eða bensínvespur má ekki keyra í gegn á göngustígum milli skólanna.

12. Önnur mál

Rætt var um að huga þarf að nemendafjölgun í tengslum við fjölgun íbúa í Helgarfellssvæðinu. Verið er að skoða hvernig Brúarland geti brúað bilið þangað til að skóli er ristinn í Helgarfelli. Ljóst er að öll öryggismál og mengunarvarnir þurfa að vera í lagi. Þetta er í umræðu og hefur ekki verið kynnt í fræðslunefnd.

Fleiri ekki tekið fyrir.

Þórunna Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð.